

## Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á blómum.

Með vísan til 65. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl. nr. 1247/2025, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutningsmagn blóma sem sótt skal um í stykkjatölu fyrir tímabilið **1. janúar - 30. júní 2026**.

| Vara                                                                 | Tímabil                                                                                                                                                                                                                                                                                | Vörumagn        | Verðtollur | Magnatollur |   |
|----------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|------------|-------------|---|
| Tollskrárnúmer:                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                        | stk.            | %          | kr./stk.    |   |
| <b>Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar:</b> |                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                 |            |             |   |
| 0602.9081-<br>.9083 og<br>0602.9088                                  | Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar                                                                                                                                                                                                                           | 01.01.-30.06.26 | 2.200      | 30          | 0 |
| <b>Aðrar:</b>                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                 |            |             |   |
| 0602.9093                                                            | Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki kaktusar og þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna                                                                                                                                   | 01.01.-30.06.26 | 3.000      | 30          | 0 |
| <b>Lífandi:</b>                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                 |            |             |   |
| 0603.1100                                                            | Rósir                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 01.01.-30.06.26 | 2.000      | 30          | 0 |
| 0603.1400                                                            | Tryggðablóm (Chrysanthemums)                                                                                                                                                                                                                                                           | 01.01.-30.06.26 | 9.000      | 30          | 0 |
| 0603.1906-<br>1908,<br>0603.1911-<br>1918 og<br>0603.1999            | Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lífandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt, þ.m.t. geislafíflar, sólliljur, fétoppar, silkivendir, ilmskúfar, ljónsmunnar, gullhrís, silfurstjörnur, brúðarslör, flamingoblóm og túlípanar. | 01.01.-30.06.26 | 166.250    | 30          | 0 |

Berist umsóknir um meira magn, en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

**Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið [atr@atr.is](mailto:atr@atr.is).**

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; mánudaginn 1. desember 2025 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, mánudaginn 8. desember 2025.

*Atvinnuvegaráðuneytinu,  
1. desember 2025.*